

Heilsuleikskólinn Háaleiti

Skólanámsskrá



Efnisyfirlit

Efnisyfirlit.....	1
Inngangur	2
Um leikskólann.....	3
Rekstrarumhverfi leikskólans	3
Heilsustefnan	4
Upphaf heilsustefnunnar	4
Viðmið heilsuleikskóla	4
Leikskóli á heilsubraut.....	5
Heilsubók barnsins	5
Áhersluþættir.....	5
Næring.....	5
Hreyfing.....	6
Listsköpun	6
Lífsleikni	6
Námssvið	7
Námssvið leikskólans.....	7
Leikskólanám	8
Leikur	8
Samskipti.....	8
Sjálfshjálp	9
Hreinlæti	9
Brúa bilið.....	9
Hreyfing	10
Listsköpun	11
Tónlist.....	11
Málrækt.....	11
Menning og samfélag.....	12
Náttúra og umhverfi.....	12
Foreldrasamstarf	13
Foreldrafélag.....	14
Foreldraráð	14
Sjálfsmat.....	15

Inngangur

Leikskólastarf á Íslandi byggir á lögum um leikskóla og Aðalnámskrá leikskóla sem menntamálaráðuneytið gefur út. Leikskólinn er fyrsta skólastigið í menntakerfinu. Í leikskóla fer fram uppeldi og menntun barna á leikskólaaldri. Leikskólastarf og leikskólauppeldi byggir á sérstökum uppeldisaðferðum og sérstakri grundvallarhugmyndafræði. Þeir sem vinna að leikskólauppeldi sækja hugmyndir til kenninga og ýmissa fræðimanna. Í leikskólauppeldi er leikurinn leiðandi hugtak. Fræðimenn eru sammála um að leikurinn sé helsta náms- og þroskaleið barna og rannsóknir sýna að börn læra og þroskast best í gegnum leikinn. Leikurinn er hornsteinn leikskólastarfsins og er jafnframt helsta kennsluáferð leikskólakennarans. Leikskólauppeldi er annars konar uppeldi en það sem foreldrar veita og er mikilvæg viðbót við það. Foreldrar eru aðal uppalendur barna sinna og bera meginábyrgð á uppeldi þeirra. Uppeldi og menntun leikskólabarna er samvinnuverkefni allra kennaranna í leikskólanum, þar sem þeir leggjast á eitt um að skapa börnunum gott, hlýlegt og fræðandi uppeldisumhverfi. Í leikskólastarfi fléttast saman á ýmsan hátt hugtökin leikur, vinna og nám. Börn í leikskóla læra fyrst og fremst í leik og daglegu starfi við eðlilegar og áþreifanlegar aðstæður. Líkamleg og andleg umönnun er forsenda þess að börn öðlist öryggiskennd og geti dafnað og lært af umhverfi sínu. Börnin þurfa að njóta sín sem einstaklingar, en jafnframt að læra að vinna saman, eignast vini og öðlast heilbrigða samkennd. Skipulag og búnaður leikskóla á að stuðla að því að vekja forvitni barnanna, efla sjálfstæði þeirra og frumkvæði, virkni, áhuga og gleði. Í leikskóla er lögð áhersla á nám án aðgreiningar og einstaklingsmiðað nám. Leitast er við að hvert einstakt barn fái viðfangsefni við sitt hæfi. Mikilvægt er að félagsskapur og samskipti barnanna bindi þau vináttuböndum og styrki samkennd þeirra. Í leikskólanum er það talinn ávinningur fyrir alla að eiga þar fjölbreytt samfélag.

Um leikskólann

Leikskólinn Háaleiti tók til starfa í september 2008 og er staðsettur á háskólasvæðinu Ásbrú við Lindarbraut 624. í Háaleiti er unnið eftir heilsustefnunni og eru einkunnarorð leikskólans; heilbrigð sál í hraustum líkama. Leikskólinn er þriggja deilda með möguleika á fjórðu og fimmtu deildinni. Deildarnar heita Kotvogur, Seljavogur og Djúpivogur og eru nöfnin sótt í söguleg kennileiti af svæðinu í kring. Leikskólinn er aldursskiptur, en auk deildanna erum við með listasmiðju og hreyfisal. Húsnæðið er í gamla barnaskólanum sem var á tímum Varnarliðsins. Í dag samnýtir grunnskólinn Háaleiti húsið með okkur. Útileiksvæði leikskólans eru þrjú, eitt þeirra er hellulagt með gúmmímottum, annað er graslagt og það þriðja er bæði með grasi og gúmmímottum. Leiksvæðin búa yfir fjölbreyttum leiktækjum af ýmsum stærðum og gerðum. Flatarmál húsnæðis er 1.096,0 m² nettóstærð leikrýmis er 448,0 m².

Á þessu svæði er mikil hreyfing á fólki sem er annað hvort að byrja í námi eða að ljúka námi og flytja annað og er því nauðsynlegt að hafa sveigjanleika í fyrirrúmi. Við erum með aðlögun allan veturinn. Oft er mikið álag á foreldrum sem eru í námi og þurfa að mæta í próf og því getur fylgt ákveðin streita. Okkar hlutverk í leikskólanum er að veita börnunum hlýju og öryggi. Það gerum við með stöðugu starfsmannahaldi og góðum staðblæ innan veggja leikskólans. Við höfum lagt mikla áherslu á það að starfsfólkinu líði vel og það skilar sér í ánægðum börnum og foreldrum.

Rekstrarumhverfi leikskólans

Heilsuleikskólinn Háaleiti er rekinn af Skólum ehf. Pétur Guðmundsson er framkvæmdarstjóri fyrirtækisins og Unnur Stefánsdóttir er framkvæmdarstjóri skólasviðs. Unnur starfaði áður sem leikskólastjóri í Heilsuleikskólanum Urðarhóli í Kópavogi og hafði frumkvæðið að mótun heilsustefnu fyrir leikskóla. Skólar ehf er einkarekið fyrirtæki og er með þjónustusamning við Reykjanesbæ. Fyrirtækið var stofnað árið 2000. Í dag eru fimm leikskólar reknir af Skólum ehf og er þeir eftirtaldir, Heilsuleikskólinn Krókur í Grindavík, Heilsuleikskólinn Kór í Kópavogi, Heilsuleikskólinn Hamravelli í Hafnarfirði, Heilsuleikskólinn Háaleiti í Reykjanesbæ og Ungbarnaleikskólinn Ársól í Reykjavík. Stefna Skóla ehf er að auka veg Heilsustefnunnar og fjölga Heilsuleikskólum á Íslandi.

Heilsustefnan

Upphaf heilsustefnunnar

Unnur Stefánsdóttir fyrrverandi leikskólastjóri í Heilsuleikskólanum Urðarhóli í Kópavogi hafði frumkvæði að móttun heilsustefnu fyrir leikskóla. **Markmið stefnunnar er að auka gleði og vellíðan barnanna með áherslu á næringu, hreyfingu og listsköpun í leik.**

Hugmyndafræðin er sú að ef barn fær holla næringu og mikla hreyfingu, þá sprettur fram þörf til að skapa. Urðarhól sem áður hét Skólatröð var vígður sem fyrsti heilsuleikskólinn á Íslandi 1. september 1996. Síðar tóku fleiri leikskólar upp heilsustefnuna og í nóvember 2005 voru stofnuð Samtök Heilsuleikskóla. Fyrsti formaður samtakanna var Unnur Stefánsdóttir. Í júní 2010 eru 14 leikskólar í landinu viðurkenndir Heilsuleikskólar.

Kennarar Urðarhóls sömdu og gáfu út Heilsubók barnsins og Guðlaug Sjöfn Jónsdóttir leikskólakennari hannaði merki heilsuleikskóla. Fáni með heilsumerkinu er sú viðurkenning sem leikskólarnir fá afhentan ásamt viðurkenningarskjali, þegar þeir hafa uppfyllt þau skilyrði sem heilsuleikskóla ber að gera. Merki heilsuleikskólans táknar *Heildin samofin* þar sem barnið er í miðjunni umvafið áhersluþáttum heilsustefnunnar og leikskólaumhverfinu, sem vinna saman að því að þroska barnið.

Viðmið heilsuleikskóla

Heilsuefling í skólum byrjaði 1994 sem samstarfsverkefni Heilbrigðisráðuneytisins og Landlæknisembættisins við skóla á öllum skólastigum. Evrópuverkefni heilsuskóla hófst 1999 og lauk 2002 og voru 4 skólar og Heilsugæslan í Kópavogi þátttakendur, þar á meðal heilsuleikskólinn Skólatröð. Afrakstur Evrópuverkefnisins var viðmið fyrir leik-, grunn- og framhaldsskóla þar sem fram koma markmið heilsueflingar í skólum og þau grundvallarviðmið sem heilsuskólar eiga að starfa út frá.

Á fyrsta aðalfundi Samtaka Heilsuleikskóla árið 2006 var samþykkt að endurskoða viðmið fyrir leikskóla og á aðalfundi árið 2007 í Grindavík voru samþykkt ný viðmið og hafa þeir leikskólar sem hyggjast vinna eftir heilsustefnunni tekið mið að þeim í sinni undirbúningsvinnu. Endurbætt viðmið líta dagsins ljós á 5 ára afmæli Samtaka Heilsuleikskóla 4. nóvember 2010.

Leikskóli á heilsbraut

Frá því að leikskóli hefur sótt um að verða heilsuleikskóli og þar til hann hefur fengið vígslu fær hann vinnuheitið **Leikskóli á heilsbraut**. Skólinn getur fengið aukaaðild að Samtökum Heilsuleikskóla þegar hann hefur fengið vinnuheitið Leikskóli á heilsbraut og þar til hann fær vígslu sem heilsuleikskóli. Þetta tímabil getur þó í hæsta lagi varað í þrjú ár. Leikskólinn fær fulla aðild að Samtökum Heilsuleikskóla þegar vígsla hefur farið fram.

Leikskólinn þarf að vinna þannig að öllum markmiðunum heilsustefnunnar sé náð. Heildarsýn skólans þarf að miðast við heilsueflingu í hvívetna. Kennarar í heilsuleikskóla verða að gera sér grein fyrir mikilvægi uppeldishlutverksins og tileinka sér jákvætt viðhorf gagnvart heilbrigðum lífsstíl.

Heilsubók barnsins

Heilsubók barnsins er gæðamatskvarði Heilsuleikskóla og stuðlar að því að heilsuleikskólar nái settum markmiðum. Hún hefur að geyma útfærð skráningablöð varðandi þroska og ýmsar upplýsingar um barnið. Skráningin gerir kennurum kleift að fylgjast með þroskaframvindu barnsins og er einnig tæki til að upplýsa foreldra um stöðu þess í leikskólanum. Skráð er m.a. heilsufar, hæð og þyngd, næring og sjálfhjálp, lífsleikni, hreyfing og listsköpun. Skráningin skal fara fram tvisvar á ári, haust og vor og foreldrum boðið í viðtal í kjölfarið.

Áhersluþættir

Áhersluþættir heilsuleikskóla geta verið mismunandi eftir leikskólum en góð og holl næring, mikil hreyfing, listsköpun og lífsleikni skulu ávallt vera aðalsmerki þeirra.

Næring

Stuðla skal að góðum matarvenjum og hollustu með áherslu á ferskleika og fjölbreytni. Leggja skal áherslu á að auka grænmetis- og ávaxtaneyslu barnanna og nota sykur og salt í hófi. Vatn skal vera aðgengilegt fyrir börn og starfsmenn. Við samsetningu matseðla skal tekið mið af markmiðum Lýðheilsustöðvar varðandi næringu barna og fá næringarráðgjafa til að fara yfir matseðla og næringarinnihald.

Hreyfing

Umhverfið þarf að bjóða upp á möguleika bæði til gróf- og fínhreyfinga til að styrkja barnið líkamlega, andlega og félagslega úti og inni. Lögð skal áhersla á skipulagðar hreyfistundir að lágmarki 1 sinni í viku, sem stuðlar að líkamlegri og andlegri vellíðan ásamt gleði. Markmiðið er að efla alhliða þroska barnsins og líkamsvitund, sem leiðir af sér aukna félagsfærni og leikgleði sem eflir vináttubönd.

Listsköpun

Mikilvægt er að vinna með og/eða tengja saman fjölbreytt tjáningarform listsköpunar s.s. myndlist, tónlist og leiklist. Lögð skal áhersla á markvissa listsköpun, þar sem unnið er með einn eða fleiri þætti listsköpunar. Markmiðið er að viðhalda forvitni, sköpunargleði, efla sjálfstraust og ímyndunarafl barnanna. Sjálft sköpunarferlið skiptir meira máli en útkoman. Lögð skal áhersla á að börnin fái tækifæri til að prófa sig áfram með fjölbreyttan efnivið, geri tilraunir og þjálfí upp færni sem leiðir af sér að þau verði viss um eigin getu.


Lífsleikni

Í heilsuleikskóla skal leggja áherslu á gæði í samskiptum og börn og starfsfólk tileinka sér ákveðin lífsgildi sem leggja grunn að vellíðan einstaklingsins í samskiptum við aðra. Góð færni í samskiptum styrkir einstaklinginn og sjálfsmynd hans. Í nútíma samfélagi er mikilvægt að tileinka sér t.d. víðsýni, umburðarlyndi, jákvæðni og hjálpsemi. Þessi lífsgildi ásamt mörgum öðrum eru lykilatriði þess að tilheyra lýðræðislegu samfélagi án tillits til kyns, litarháttar, menningar eða fötlunar.

Námssvið

Námssvið leikskólans

Námssviðin eru undirstaða náms barnanna í leikskólanum. Þessi námssvið fléttast öll og haldast í hendur við leik, daglegt líf og lífsleikni barnanna. Leikskólaperlan er líkan af margþættu námi barnanna í leikskólanum. Í leikskólaperlunni er barnið í brennidepli, því allt leikskólastarfið snýst um börnin.



(Höfundur: Hrafnhildur Sigurðardóttir)

Þeir þættir sem eru næstir barninu og unnið er með í daglegu lífi þess í leikskólanum eru: að klæða sig í og úr, borðhald, svefn og hvíld, hreinlæti, frágangur og snyrtimennska. Auk þess er unnið með ákveðin námssvið, sem eru: málrækt, hreyfing, tónlist, myndsköpun, náttúra og umhverfi, menning og samfélag.

Leikskólanám

Leikskólanám á að efla alhliða þroska barna, þ.e.a.s. efla mikilvægustu þroskaþætti sem samtvinnast hjá barninu. Þessir meginþættir og samspil þeirra varða líkamsvöxt barna og hreyfifærni, tilfinningalíf, vitsmuni, félagsvitund og félagshæfni, fegurðarskyn og sköpunarhæfni, siðgæði og lífsviðhorf. Í leikskólastarfi er barnið í brennidepli og starfshættir eiga að taka mið af þroska og þörfum hvers barns. Leikskólanám er samþætt nám þar sem námssvið og námsþættir fléttast inn í daglegt líf og leik barnanna. Börnin eru að læra allan tímann við mismunandi aðstæður. Leikskólakennarar nota öll tækifæri sem gefast til að örva nám barnanna, t.d. í matartímum, fataherbergi og á snyrtingu. Umönnun og daglegar venjur eru stór hluti af leikskólastarfinu. Umönnun er fólgin í því að annast börnin líkamlega og andlega af hlýju, áhuga og ábyrgðarkennd. Með slíkri umönnun skapast tilfinningatengsl og trúnaðartraust.

Leikur

Leikurinn í allri sinni fjölbreytni er kjarninn í uppeldisstarfi allra leikskóla. Hann er talinn helsta náms- og þroskaleið barns. Leikskólakennarar þekkja leik barna, virða hann, hlúa að honum og skipuleggja leikskólastarf og umhverfi barna til þess að leikurinn fái að njóta sín. Upplifanir barns, svo og dagleg störf fullorðna gæða leik barnanna lífi og innihaldi.

Leikskólastarfið býður upp á flæði í tvær klukkustundir á dag og þá verður starfið meira spuni en skipulagt starf. Í flæði er það barnið sem leiðir en leikskólakennarar styðja við. Lögð er áhersla á það að barnið skapi sína eigin þekkingu með eigin upplifun. Með flæði fá börnin tækifæri til að velja sér viðfangsefni og grípa kennarar hugmyndir þeirra og vinna út frá þeim. Flæði býður upp á að blandað sé saman leikefni og könnun. Börnin fara úr einu í annað, efniviður og leikir blandast og nýjar hugmyndir fæðast Þar sem hugmynd vekur aðra hugmynd.

Samskipti

Mikið nám fer fram í samskiptum. Hæfni til samskipta er grundvöllur þess að lifa, starfa og leika sér með öðrum í sátt og samlyndi. Leikskólakennarar stuðla að því að öll börn njóti sín í

samskiptum og læri að taka tillit til annarra. Sjálfsmynd barna mótast hvað mest í samskiptum við annað fólk, bæði fullorðna og barna. Samvinna, samkennd, tillitssemi og ábyrgðartilfinning eru mikilvægir þættir í félagsþroska barna. Leikskólakennarar eru fyrirmyndir barnanna í orði og athöfnum.

Sjálfshjálp

Lög er áhersla á sjálfshjálp að börnin læri að hjálpa sér sjálf. Það er gert með því að gefa börnunum tækifæri til að reyna sjálf að gera ákveðna hluti. Í fataklefa er markmiðið að gefa hverju barni góðan tíma og lögð er áhersla á að börnin njóti stuðnings og þolinmæði hinna fullorðnu svo þau öðlist færni að klæða sig í og úr útifötunum og ganga frá eftir sig. Við matarborðið fá börnin tækifæri til að læra að skammta sér sjálf, smyrja og hella sjálf í glösin. Allt sem er gert fyrir barn sem það getur gert sjálft heldur aftur af þroska þess.

Hreinlæti

Hreinlæti er mikilvægur þáttur í daglegu lífi barnanna. Í leikskólanum læra börnin að handþvott er mikilvægur eftir notkun salernis. Þau eru hvött til að fara á salernið fyrir útiveru og mat þá fá yngri börnin hreinar bleyjur. Mikilvægt er að sá ferill gangi vel og jákvætt fyrir sig. Reynt er að gæta hreinlætis í hvívetna, ekki síst með tilliti til smithættu. Sjálfsbjargarviðleiti er mikilvægur undirbúningur fyrir grunnskólagöngu hjá elstu börnunum.

Brúa bilið

Samkvæmt aðalnámskrá er mikilvægt að samstarf sé á milli leik og grunnskóla til að stuðlað sé að samfelli í uppeldi og menntun barnsins og að það upplifi grunnskólann sem eðlilegt framhald af leikskólanum. Mikilvægt er að skólastjórar leik og grunnskólans hafi með sér samvinnu, skipuleggi samstarf milli skólastiganna og taki ábyrgð á samstarfinu. Leikskólakennarar og grunnskólakennarar verða að þekkja vel til hugmynda og vinnubragða hvers annars. Elstu börnin í leikskólanum koma saman fjórum sinnum í viku og eru þau þá til skiptis í markvissri málörvun eða að undirbúa sig fyrir skólann. Unnið er í gegnum hópverkefni, einstaklingsverkefni og umræður. Höfuðáhersla er lögð á að efla félagsfærni og sjálfstæði barnanna enda er það undirstaða frekara náms. Sérstök áhersla er lögð á að leikurinn sé námsleið barnsins og eru hugmyndafræði og starfsaðferðir leikskólans lagðar til

grundvallar því starfi. Börnin fá kynningu á stafrófinu yfir veturinn og eru því kunnug stöfunum þegar þau byrja í skólanum. Tekin eru hljómpróf á elstu börnum að hausti þar sem hægt er að sjá hvar þau standa gagnvart hljóðkerfisvitund. Háaleitisskóli er hverfisgrunnskólinn og er hann staðsettur í sama húsi og leikskólinn og því stutt að fara. Mjög öflugt samstarf er á milli skólanna tveggja en börnin fara í tíma með fyrsta bekk þar sem þau vinna að verkefnum. Enn fremur fara þau í íþróttir með fyrsta bekk auk þess er þeim boðið að koma í heimsóknir yfir í grunnskólann við hin ýmsu tækifæri eins og jólahátíð og er fyrsta bekk boðið að koma á jólasöngfund með leikskólabörnunum. Útskrift barnanna er tvískipt, annarsvegar er útskriftarferð barnanna og hinsvegar er útskrift í leikskólanum þar sem foreldrum er boðið að koma. Þar syngja börnin eða eru með skemmtiatriði í hreyfisalnum og kennarar þakka fyrir samstarfið. Í útskriftinni fá börnin afhentar bækur með þeim verkefnum sem þau hafa verið að gera yfir veturinn og sitt fyrsta útskriftarskjal á lífsleiðinni. Heilsubókina fá þau þegar þau hætta.

Hreyfing

Börn hafa ríka þörf fyrir að hreyfa sig frjálst og óhindrað. Í leikskóla ber því að leggja áherslu á hreyfingu barna og hreyfiuppeldi. Öll hreyfing stuðlar að andlegri og líkamlegri vellíðan, snerpu og þoli. Í markvissri hreyfipjálfun eflist alhliða þroski barnanna og þau öðlast góða líkamsvitund. Áhersla er lögð á grófhreyfingar, styrk, þrek og þol. Markmiðið er að börnin öðlist gott úthald, örvi hjartslátt og blóðrás. Að þau styrki samhæfingu hreyfinga, jafnvægi og öryggi. Börnin átti sig á rými, fjarlægðum, afstöðum og áttum þannig ná þau þroska í rúmshyggju. Börnin læri að skynja líkama sinn og nái stjórn á hreyfingum sínum. Eitt af markmiðunum er að börnin finni líkamlega vellíðan og að hreyfing verði stór þáttur í lífi þeirra bæði nú og síðar á ævinni. Í leikskólanum fær hvert barn markvissa hreyfistund einu sinni til tvisvar í viku, sem fagstjóri í hreyfingu sér um að skipuleggja og kenna. Unnið er með aldursskipta hópa sem auðveldar að bjóða uppá verkefni við hæfi. Stundin hefst á upphitun, því næst er unnið að ákveðnum verkefnum og svo er slökun í lok stundar. Áhersla er lögð á slökun í lok hverrar stundar og markmiðið með því er að róa líkama og huga.

Frá maí til september lengist útiveran og flytjast hreyfistundir út, þar sem farið er í leiki og ýmsar vettvangs-, ævintýra- og gönguferðir. Hreyfing leiðir af sér aukna félagsfærni og leikgleði sem eflir vináttubönd.

Listsköpun

Börn hafa ríka þörf fyrir að tjá sig og nota meðal annars teikningar og aðra listsköpun sem tjáningarleið. Ef þau fá að tjá sig á eigin forsendum verður listsköpun þáttur í þekkingarleit þeirra, þar sem þau fá tækifæri til að vinna úr skynjun sinni og reynslu. Í verkunum birtast hugmyndir barnanna um veröldina sem þau eru að kynnast. Hvert barn fer með sínum hópi í listsköpun hjá fagstjóra í listum einu sinni í viku, þar er unnið meðal annars með fjölbreyttan efnivið úr náttúrunni og verðlaust efni af ýmsu tagi.

Hópverkefni jafnt sem einstaklingsverkefni eru einnig unnin inni á deildum. Skynjun og tjáning eru lykilorð. Kennarinn leggur áherslu á að vekja forvitni þeirra og rannsóknarlöngun, með þessum hætti vinna börnin út frá hugmyndum sínum og fá að tjá sig frjálst þar sem sköpunargleðin fær að njóta sín. Í listsköpun gefst börnum tækifæri til að þjálfa upp færni, læra nýja tækni og hugtök. Sjálft sköpunarferlið skiptir meira máli en útkoman. Listsköpun stuðlar að gleði og vellíðan. Frá fyrsta maí til fyrsta september færast vinna barnanna út þar sem unnið er með listsköpun úti í náttúrunni.

Tónlist

Tónlist er ríkur þáttur í allri þjóðmenningu. Börn öðlast tónlistarþroska með því að fá fjölbreytta reynslu af tónlist og að kynnast hljóðum, tónum og hreyfingu í leik og starfi. Tilfinningar og vellíðan hjá börnum og fullorðnum má oft móta með tónlist. Tónlist eins og önnur námssvið, tengist bæði inn í skipulagt og óskipulagt starf. Í leikskóla er umhverfi sem hvetur börnin til að fást við og njóta tónlistar á ýmsan hátt, stuðst er við sjálfsprottinn söng barnanna og tilraunir með hljóðgjafa. Söngstund er reglulega á hverri deild fyrir sig en einu sinni í viku koma deildarnar saman og halda söngstund. Deildarnar skipta með sér söngstundinni en sú deild sem leiðir söngstundina hverju sinni er með lítið atriði. Þar æfast börnin í því að koma fram og auka þannig sjálfstraust sitt og þroska. Í frjálsum leik hafa börnin tækifæri til að hlusta á sögur og tónlist af geisladiskum ásamt því að hafa aðgang að hljóðfærum og hljóðgjöfum

Málrækt

Tungumálið er mikilvægasta tæki mannanna til samskipta. Rannsóknir sýna að málörvun í leikskóla er mikilvæg undirstaða fyrir lestrarnám. Málörvun er sinnt í flæði, en þar er boðið uppá lestur á bókum sem börnin velja í hvetjandi lestrarumhverfi. Hluti barnanna fer í markvissar málörvunarstundir með kennara einu sinni til tvisvar í viku. Í samverustundum eru

lesnar sögur, sungið og kenndar þulur og vísur. Farið er í ýmsa orða og hugtakaleiki, tjáningu og spjallað saman. Unnið er með málörvunarleiki og þrautir, einnig með hlustun, rím, samstöfur, stafi, hljóðgreiningu, setningar og orð. Í öllu starfi leikskólans fer fram stöðug og mikil málörvun í gegnum daglegt líf og samskipti.

Menning og samfélag

Maðurinn er óhjákvæmilega þátttakandi í því samfélagi sem hann býr í. Hefðir eru ákveðin menning og tengsl við sögu okkar og fortíð. Í leikskólanum kynnist barnið ýmsu í menningu samfélagsins, fjallað er um íslenska fánann sem er tákn fullveldis þjóðarinnar. Lögð er áhersla á að kenna börnunum að umgangast íslenska fánann með virðingu og hafa í heiðri þær reglur sem gilda um notkun hans. Í leikskólanum hafa með tímanum myndast ákveðnar hefðir sem er mikilvægur hluti af menningu hans til dæmis afmæli barnanna, afmælisdagur leikskólans, dagur íslenskra tungu, þorablót, öskudagur, útskrift/ferð, sumarhátíð, heimsókn á söfn og tónleika. Í hefðum felst öryggi og oftast eitthvað sem gleður hjartað, það að gera sér dagamun. Í leikskólanum eru margir menningarheimar sem þarf að bera virðingu fyrir. Börnin fara í vettvangsferðir með kennurum sínum og tengjast þær gjarnan því námsefni/þema sem verið er að fjalla um hverju sinni. Vettvangsferðir út í náttúruna, heimsókn á vinnustað eða í þjónustufyrirtæki gefur börnunum reynslu sem hægt er að vinna úr, til dæmis í skapandi starfi. Þetta er hluti af menningu og samfélagsnámi barnanna. Auk þess hafa börnin aðgang að tölvmum inni á deildum.

Náttúra og umhverfi

Samkvæmt Aðalnámskrá segir að manningum sé nauðsynlegt að hafa þekkingu á náttúrunni og fyrirbærum hennar. Börn þurfi að fá tækifæri til þess að kynnast, njóta og upplifa fjölbreytni náttúrunnar og læra að umgangast hana með virðingu. Leikskólinn Háaleiti stefnir á það að verða skóli á grænni grein og hefur þegar hafið endurvinnslu sem er partur af þeim markmiðum sem þarf til að fá Grænfána viðurkenninguna. Leikskólinn hefur þau markmið að börn og starfsfólk læri að vernda og bera virðingu fyrir náttúrunni og umhverfinu. Lögð er áhersla á að bæta umhverfi skólans, flokka og nýta betur úrgang sem frá honum fer og minnka notkun á vatni og orku. Farið er sparlega með allt efni, endurunnið og nýtt eins og við á auk þess að skila pappír, rafhlöðum og bylgjupappa í Sorpu. Síðast en ekki síst er lögð áhersla á að fræða bæði börn og starfsfólk um gagnsemi þess að endurnýta og skila til endurvinnslu. Mikilvægt er að börn upplifi náttúruna af eigin raun og læri að njóta hennar sér til ánægju. Í

leikskólanum er stuðlað að virðingu barnanna fyrir náttúrunni og náttúruvernd og er þeim séð fyrir fjölbreyttum möguleikum til að kynnast henni, veðrinu og árstíðunum í fjölbreytileika sínum. Farið er í vettvangs- og náttúruferðir í nánasta umhverfi þar sem náttúran er skoðuð, safnað ýmsu sem þar finnst og unnið með í listasmiðju.

Markmið skólans er að umhverfismenntin flæði í gegnum allt starf leikskólans líkt og heilsustefnan og fara þessar tvær stefnur vel saman. Hlutverk kennarans er að vera duglegur að grípa tækifærið, vera góð fyrirmynd og vera meðvitaður um að nám í leikskóla er leikur einn.

Foreldrasamstarf

Samkvæmt lögum um leikskóla ber leikskólum skylda til að stuðla að samstarfi heimila og skóla. Gott foreldrasamstarf er mjög mikilvægt fyrir farsæla leikskólagöngu barnsins og jákvæða upplifun foreldra. Leikskólinn er lögum samkvæmt fyrsta skólastigið í menntakerfinu og annast að ósk foreldra, nám barna á leikskólaaldri. Foreldrar bera frumábyrgð á uppeldi barna sinna. Leikskólanám er viðbót við uppeldi foreldra en er á engan hátt ætlað að koma í stað þess. Á þessum grundvallaratriðum byggist foreldrasamvinna. Mikilvægt er að gott, traust og náíð samstarf sé á milli leikskóla og foreldra og að leikskólinn veiti foreldrum upplýsingar um þroska barnsins og stöðu þess í leikskólanum. Samstarf milli heimilis og leikskóla hefst áður en barnið byrjar í leikskólanum. Þegar barnið fær leikskólavist er foreldrum boðið í viðtal til leikskólastjóra sem sýnir þeim leikskólann og kynnir stefnu hans. Á meðan barnið er í aðlögun er lagður grunnur að gagnkvæmum kynnum, trausti og virðingu á milli foreldra og leikskóla. Deildarstjóri býður í stutt viðtal í aðlögunarvikunni þar sem hann kynnir starf deildarinnar, afhendir gögn og fær hagnýtar upplýsingar varðandi barnið. Skólanámsskrá og kynningarrit leikskólans auðvelda foreldrum að kynnast starfsemi og áherslum leikskólans. Á heimasíðu skólans eru allar upplýsingar og fréttir af starfi skólans.

Tvisvar á ári er skráð í Heilsubók barnsins og í framhaldi af þeim skráningum eru foreldraviðtöl. Foreldraviðtölin eru einkaviðtöl foreldra eða forráðamanns barnsins og deildarstjóra deildarinnar. Í þeim er farið yfir líðan barnsins í leikskólanum, þroska þess og áherslur sem lagðar eru í vinnu með hvern einstakling. Foreldrar eru meðal annars hvattir til þátttöku í starfinu með foreldraviðtölum, þátttöku í foreldraráði, með foreldrafundum, opnu húsi á vorin og í gegnum dagleg samskipti. Hlutverk leikskólans felst í því að veita börnum leikskólamenntun en jafnframt er leitast við að koma á móts við óskir foreldra svo framarlega

að það komi ekki niður á gæðum í starfi leikskólans, aðbúnaði og umönnun. Dagleg samskipti og góðar upplýsingar eru mikilvægir þættir og að samskiptin byggist á gagnkvæmri virðingu og trausti. Leikskólinn leggur áherslu á að fullur trúnaður ríki um allar upplýsingar er varða börnin og foreldra þeirra. Hverjum starfsmanni er skylt að gæta þagmælsku um atriði er hann fær vitneskju um í starfi sínu. Starfsfólk leikskólans undirritar sérstakt þagnarheit sem helst þó látið sé af störfum. Á hverju hausti er haldinn foreldrafundur. Á honum kynnir leikskólastjóri, fagstjóri í hreyfingu og listum komandi starfsár. Deildarstjórar kynna deildarskipulag hverrar deildar fyrir sig.

Foreldrafélag

Í Háaleiti er starfandi foreldrafélag og er stjórn þess skipuð 6 foreldrum ásamt tengilið frá leikskólanum. Markmið þess er að tryggja hagsmuni og velferð barnanna í leikskólanum. Verkefni foreldrafélagsins eru margvísleg og getur félagið stutt vel við starfið í leikskólanum. Það er því hægur leikskólans að hafa öflug og virkt foreldrafélag og við hvetjum foreldra til að taka virkan þátt í því.

Foreldraráð

Foreldraráð skal fylgjast með framkvæmd skólanámsskrár og annarra áætlana innan leikskólans. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiriháttar breytingar á leikskólastarfi. Foreldraráð gefur umsagnir til leikskóla og nefndar. Í foreldraráði sitja þrjú foreldrar og leikskólastjóri.

Sjálfsmat

Samkvæmt reglugerð ber leikskóla að móta aðferðir til að meta uppeldisstarfið, stjórnunarhætti og samskipti innan leikskólans og tengsl við aðila utan hans. Sjálfsmat er faglegur grundvöllur endurbóta í leikskólastarfinu og er tæki til að vinna kerfisbundið að því að auka gæði og gera starfið skilvirkara. Fyrir faglegt starf leikskólans er innra mat mikilvægt. Kennarafundir auk starfsdaga sem eru 5 á skólaárinu eru auk þess notaðir til framþróunar. Þar gefst kennurum tækifæri að afla nýrra þekkingar til að bæta starfið í leikskólanum. Við innra mat skal tekið mið af markmiðum og stefnu leikskólans með lýsingu á leiðum. Í reglugerð um starfsemi leikskóla segir að sérhver leikskóli skuli móta aðferðir til að meta uppeldisstarf, stjórnunarhætti og samskipti bæði innan leikskólans og utan. Heilsubók leikskólans er notuð sem tæki til að rýna í innra starf leikskólans. Mat á að leiða í ljós hvort markmiðum hefur verið náð og hvort breytinga er þörf. Sjálfsmatið gerir starfsfólki jafnframt auðveldara að vinna að markmiðum leikskólans. Mat er lagt á stöðu starfsins. Starfsmannasamtöl eru einu sinni á ári. Allir starfsmenn fá samtalið við leikskólastjóra eða aðstoðarleikstjóra.